

Sþ. **653. Þingsályktun**
um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.
(Afgreidd frá Sþ. 28. mars.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar fiskirannsóknir í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu með sérstökum tilliti til þess, að komið verði upp fiskirækt í firðinum, teljist skilyrði til þess álitleg að dómi fiskifræðinga.

Rannsóknir þessar séu gerðar af fiskideild atvinnudeilda háskólans og kost-
aðar af Fiskimálasjóði.